

68 sektir fyrir brot gegn henni, 20—1000 krónur. Sektir samkvæmt lögum þessum 11. júní renna í hafnarsjóð.

18. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

*Gjört á Sorgenfrihöll, 11. júní 1938.*

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

**Christian R.**

(L. S.).

*Skúli Guðmundsson.*

69

11. júní

## L Ö G

### um bráðabirgðabreyting nokkurra laga.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

1. Framkvæmd laga nr. 50 10. nóv. 1913, um að landssjóður leggi landsbankanum til 100 þús. kr. á ári næstu 20 ár, er frestað til ársloka 1939.
2. Tekjur eftir lögum nr. 56 31. maí 1927, um skemmtanaskatt og þjóðleikhús, renna í ríkissjóð til ársloka 1939.
3. Tekjur eftir lögum nr. 58 8. sept. 1931, um einkasölu á tóbaki, skulu renna í ríkissjóð til ársloka 1939.
4. Framkvæmd annarar og þriðju greinar laga nr. 45 10. nóv. 1913, um bjargráðasjóð Íslands, er frestað til ársloka 1939.
5. Kennslueftirlit það, sem ræðir um í 6.—8. gr. laga nr. 35 19. maí 1930, fellur burt til ársloka 1939.
6. Framkvæmd c-liðar í 8. gr. laga nr. 84 6. júlí 1932, um bifreiðaskatt og fleira, er frestað til ársloka 1939.
7. Ríkisstjórninni er heimilt að fresta til ársloka 1939 framlögum samkvæmt 5. gr. laga nr. 34 19. júní 1933, um breyting á lögum nr. 84 6. júlí 1932, um bifreiðaskatt og fleira, til þeirra kaupstaða og verzlunarstaða, sem ekki leggja tilskilinn hluta á móti ríkisframlaginu og framkvæma ekki malbikun á árinu 1939.
8. Á árinu 1939 leggur ríkissjóður ekki fram til ræktunarsjóðs Íslands þann hluta útflutningsgjalds, sem ræðir um í 12. gr. laga nr. 63 28. jan. 1935.
9. Á árinu 1939 skal frestað framkvæmd laga nr. 98 19. júní 1933, um læknishéraða- og prestakallasjóði. Þó skulu 2000 kr. renna til prestakallasjóðs á árinu.
10. Á árinu 1939 fellur niður starf gengisnefndar og launagreiðsla til hennar, sam-anber lög nr. 48 4. júní 1924 og lög nr. 9 27. maí 1925.
11. Á árinu 1939 skal ekki verja hærrí fjárhæð úr ríkissjóði til búfjárræktar, sam-anber lög nr. 32 1931, en 62000 kr. Landbúnaðarráðherra ákveður í samráði við búnaðarfélag Íslands, hvernig þessum sparnaði verði náð.

12. Á árinu 1939 má ekki verja úr ríkissjóði meira en 14000 kr. til kaupa á erlendum áburði, sbr. lög nr. 51 28. jan. 1935. 69
13. Á árinu 1939 leggur ríkissjóður ekki fram meira en 1000 krónur til bókasafna prestakalla, sbr. lög nr. 17 7. júlí 1931. 11. júní
14. Á árinu 1939 greiðir ríkissjóður ekki hærra framlag til sýsluvegasjóða en það, sem ákveðið er til móts við  $4\frac{1}{2}\%$  úr héruðum, sbr. lög nr. 102 19. júní 1933.
15. Árið 1939 skulu ekki vera launaðir prófdómendur við ríkisskólana eða skóla, er njóta ríkisstyrks, nema við embættispróf í háskólanum og burtfararpróf í menntaskólunum, kennaraskólanum, stýrimannaskólanum, vélstjórnarskólanum, siglingafræðinámskeiðum og vélgæzlunámskeiðum.
16. Á árinu 1939 leggur ríkissjóður fram 60000 kr. til verkfærakaupasjóðs.
17. Heimild sú til að greiða vaxtastyrk af fasteignaveðslánum bænda, stofnlánnum til frystihúsa, mjólkurbúa o. fl., sem veitt er samkv. 4. gr. l. nr. 79 frá 19. júní 1933, og lögum um breyting á þeim lögum, nr. 91 frá 3. maí 1935, skal úr gildi felld fyrir árið 1939.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1939.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

*Gjört á Sorgenfrihöll, 11. júní 1938.*

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

**Christian R.**  
(L. S.)

*Eysteinn Jónsson.*

## L Ö G

70

um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að veita einkaleyfi til að flytja út mó og vörur unnar úr mó og selja á erlendum markaði. 11. júní

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenberg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Landbúnaðarráðherra er heimilt að veita Sigurjóni Péturssyni á Álafossi einkaleyfi til þess að flytja út mó og vörur unnar úr mó og selja á erlendum markaði, ef hann, að dómi ráðherra, getur hafizt handa um þessar framkvæmdir og fært líkur fyrir því, að hægt sé að ryðja þessum vörum braut á erlendum markaði.

Sérleyfið má veita til allt að 10 ára.

2. gr.

Nú neytir ráðherra heimildar þeirrar, er felst í 1. gr. laga þessara, og er þá heimilt að innheimta útflutningsgjald í ríkissjóð af þeim vörum, sem lög þessi greina og út verða fluttar. Gjald þetta má aldrei nema meiru en 5% af andvirði vörunnar á útflutningshöfn.